

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marz mánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð viðskiptamálaráðuneytisins frá 15. febrúar 1942.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

37. gr.

Með samþykktum þessum fellur úr gildi reglugerð fyrir Sparisjóð Þingeyrarhrepps, 6. júní 1940, að 31. gr. undantekinni.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

fyrir Sparisjóð Mýrasýslu.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Mýrasýslu og skal heimili hans og varnarþing vera í Borgarnesi.

2. gr.

Sjóðurinn er eign sýslusjóðs Mýrasýslu og hefur sýslunefnd Mýrasýslu á hendi yfirstjórn hans samkvæmt samþykkt þessari.

3. gr.

Sýslusjóður Mýrasýslu ábyrgist tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, og getur eigi sjálfur staðizt, allt að 10000 — tíu þúsund — krónum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu þeir kosnir árlega af sýslunefnd Mýrasýslu á aðalfundi hennar og blutfallskosning viðhöfð. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins. 90

3. maí

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum.

6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur sýslunefndar Mýrasýslu ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Heimilt skal starfsmanni, er vikið er frá starfi, að bera mál sitt undir fund sýslunefndar Mýrasýslu, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti 4 sinnum á ári og ákveður stjórnin hvornig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

3. maí Reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár skulu lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar Mýrasýslu, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá.

II Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færirst inn í innstæðubók og fær hver innleggsmaður reikning.
- Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innleggsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafist þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnæltum, og gjaldast vextir í eigi minni þörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 10000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 1000.00 til kr. 5000.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tókka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf. 90 3. maí

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutæðigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar un gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum fráðregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að gripa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. með því að kaupa víxla sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja;
- d. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregið hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi húið að leiðrétta það.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

90

3. maí

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir miðjan marzmánuð ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efna-hagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

29. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Mýrasýslu með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

90

3. maí

32. gr.
Skýlt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða og verðbréfaeign sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skýlt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikninga sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlök. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund sýslunefndar Mýrasýslu til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmetur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð 15. febrúar 1942, um sparisjóði og önnur gildandi fyrir- mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur sýslunefndar Mýrasýslu ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

37. gr.

Breytingar á framangreindum samþykktum verða eigi gerðar nema á fundi sýslunefndar Mýrasýslu.

38. gr.

Með samþykkt þessari eru úr gildi numin lög um Sparisjóð Mýrasýslu frá 1918 og breytingar þær, er síðar hafa verið gerðar á þeim.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. maí 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.